



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Funaborg

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
2.1 Innra mat.....	5
2.2 Ytra mat.....	6
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025	8
4 Innra mat	10
4.1 Innra mat Helgustekks.....	10
4.1.1 Umbótaáætlun Helgustekks	12
4.2 Innra mat Guddumói	13
4.2.1 Umbótaáætlun Guddumóa	14
4.3 Innra mat Fögrubrekku.....	15
4.3.1 Umbótaáætlun Fögrubrekku	16
5 Innra mat sérkennslu.....	17
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	20
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	21
8 Foreldrasamvinna	21
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	22
10 Fylgiskjöl	22



Leiðarljós leikskólans

Í hvert sinn sem þú
gerir eitthvað fyrir barn
sem það hefði sjálft getað gert...



...heldur þú aftur af þroska þess

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það er gaman að segja frá því að núna fyrsta júní síðastliðinn varð Funaborgin fimm ára. Það eru sem sagt fimm ár frá því að Funaborgin var tekin út úr þriggja leikskóla sameiningu og rekin sem einn leikskóli. Við bíðum enn eftir því að næsti hluti stækkunar Funaborgar hefjist. Fjórar deildar til viðbótar, nýtt eldhús og frábær starfsmanna aðstaða. Enn við erum samt alveg róleg, góðir hlutir gerast víst hægt.

Því miður er ekki hægt að komast hjá því að minnast aðeins á faliðunarferli vetrarins. Frá janúar og fram í miðjan maí settum við upp fast faliðunarferli þar sem hvert barn leikskólans fór heim hálfan dag í viku. Dagarnir sem var sent heim á voru mánudagar þriðjudagar og miðvikudagar. Þann 27. maí náðum við svo að aflétta ferlinu en þá kom skólafólkið okkar inn í hærri vinnu prósentu. Þessi mánudagur var mikill gleðidagur og þungu fargi af okkur létt starfsmönnum og foreldrum.

Við viljum endilega þakka foreldrum fyrir ómetanlegan, stuðning, þolinmæði og skilning þennan tíma.

Án þess að þessi pistill fari að hljóma eins og þakkarræða fyrir Óskarinn þá viljum við samt þakka foreldrafélaginu og foreldraráðinu fyrir frábæran stuðning og samvinnu þetta skólaárið.

Verkefnið okkar Bernskulæsi – gríptu tækifærið hefur gengið vonum frammar í vetur. Við erum stolt af þessu verkefni og segjum það öllum sem á það vilja hlusta (og líka hinum). Börnin eru mjög spennt og áhugasöm fyrir þessu verkefni og þá sérstaklega fyrir ofurvinsæla Funaflóðinu sem eflaust allir foreldrar hafa fengið að heyra um heima. Á menntastefnumóti Skóla og frístundasviðs var einmitt tilkynnt um það að Funaborg hefði fengið hvatningarverðlaun SFS fyrir þetta verkefni. Við viljum meina að við höfum svo sannarlega átt þau skilin 😊.

Starfsmenn Funaborgar notuðu einn af starfsdögum sínum til að fara í námsferð til Glasgow. Þessi ferð var mjög nærandi fyrir starfsmannahópinn. Við áttum mjög góðar, hressandi og skemmtilegar samverustundir og námskeiðin sem við fórum á voru mjög vonduð og í anda Funaborgar.

Í Funaborg trúum við því að barnið sé hæfur einstaklingur sem getur, skilur, kann og vill. Í félagslegri tengingu við jafningja sína, kennara, foreldra, nærumhverfið sitt og stærra samfélagið verði barnið sterkara, hafi trú á eigin getu og öðlist kjark og þor til að leysa úr eigin vandamálum og flóknum samskiptarmynstrum.

Með þessum orðum leggjum við af stað í átt til nýrra ævintýra, nýrrar þekkingar, nýrra vinasambanda og nýs skólaárs.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

2.1 Innra mat

Hvað var metið	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Snerpusamtöl deildastjóra við starfsmenn deilda	Stutt hnitmiðuð samtöl á vinnutíma	Deildastjóri og starfsmenn deilda	Samtölin urðu ekki á þessu skólaári. Margar ástæður ollu því: Veikindi, mannekla og breytingar.
Starfsþróunarsamtöl Starfsmenn fengu eyðublað og góðan tíma til undirbúnings fyrir samtali. Í samtali var ein spurning tengd starfsmannakönnun sem starfsmenn svöruðu fyrr á skólaárinu og tengdist hún starfsumhverfi.	Samtal við leikskólastjóra	Samtal við einn starfsmann í einu á skrifstofu eða í undirbúningsrými leikskólans.	Starfsfólk var yfir heildina almennt ánæggt í starfi. Starfsumhverfi var mikið rætt og vöntun á góðu starfsmannarými. Leitað var eftir hugmyndum frá starfsmönnum um hvernig megi bæta aðstöðuna þangað til framkvæmdir gefa okkur fullnægjandi starfmannaaðstöðu.
Námskrá	Ekki metin því hún er ekki tilbúin	Í vinnslu	Beinagrind er komin og nokkrir kaflar tilbúnir, áframhaldandi vinna. Lokadagsetning eru komin á skil námskrá janúar 2025. Mikil mannekla og fáliðunarferli hafði

			stórvægileg áhrif á vinnu við pappíra og plögg
Mánudagar fastir fundadagar	Spurninga könnun	Allt starfsfólk	Allir voru sammála um mikilvægi og gagnsemi fundanna. Til þess að reyna að halda fundunum inni þarf að setja þá í dagatal og skrá fundina. Mikilvægt að halda fundunum þrátt fyrir að stundum sé þröngt í búi.
Jöfnun aldurs á tveimur deildum Helgustekki og Fögrubrekku	Endurmat á stjórafundi. Deildastjórar spurðu sína deildarstarfsm.	Deildarstarfsmenn Helgustekks og Fögrubrekku og stjórnendur	Ekki var gert endurmat á verkefninu, verkefnið heldur áfram. Ekki komin nægileg reynsla til þess að meta vegna þátta sem trufluðu verkefnið eins og faliðunarferli sem við vorum í eftir áramót til sumars.

2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun stofnunar ársins á vegum Gallup fyrir Reykjavíkurborg	Spurningalistar sendir á netfang starfsmanna	Allt starfsfólk	Starfsumhverfi var mikið rætt og vöntun á góðu starfsmannarými. Leitað var eftir hugmyndum frá starfsmönnum um hvernig megi bæta aðstöðuna þangað til

			framkvæmdir gefa okkur fullnægjandi starfmannaaðstöðu.
Ytra mat			
<p>Í október 2023 var viðhorfskönnunin Stofnun ársins lögð fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og sá Gallup um framkvæmdina. Stofnun ársins er notað sem verkfæri fyrir stjórnendur með það að markmiði að starfsfólk tjái sig um starfsumhverfi, stjórnun og líðan á vinnustað. Í Funaborg svöruðu 14 einstaklingar af þeim 18 sem voru fastráðnir á þeim tíma. Niðurstöður könnunarinnar voru birtar í mars 2024 og samkvæmt þeim eru fjórir af fimm hæstu tengdir stjórnun leikskólans samanber að starfsfólk fái stuðning, viti til hvers er ætlast af þeim, borin sé virðing fyrir starfsfólki og að hægt sé að leita til næsta yfirmanns. Einnig fær upplifun starfsmanna um að markmið séu skýr háa einkunn.</p> <p>Fimm lægstu einkunnir könnunarinnar eru þættir tengdum launum og starfsmannaaðstöðu. Tveir þættir af lægstu fimm eru launakjaratengdir. Þrír þættir af lægstu fimm ertu tengdir, matar og kaffiaðstöðu starfsmanna, vinnu og skrifstofurými og hljóðvist.</p>			

3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Snerpu-samtöl	Snerpusamtöl verða tvö á ári, stutt samtöl hrós og hlustun	Tímabil sett í dagatal leiksk. Hugsanlega valið efni til að ræða til að koma samtölunum af stað	Deildastj.	Haut	Vor	Samtalsform af innri vef SFS og fyrirfram ákveðnar spurningar af stjórn Funab.	Ánægðra starfsfólk. Vettvangur til að leysa vandamál Hlusta á raddir allra. Nýting mannauðar
Fastir fundir Stjórnenda fundir Deilda fundir	Áfram Haldandi fundir vikulega, stjórafundir og deildafundir	Ekkert annað plan verður sett á fundadaga og dagarnir verða settir inn í dagatal leikskólans	Stjórar Funaborg	Allt árið	Allt árið	Spurninga Könnun fyrir allt starfsfólk í lok skólaárs	Betra uppl. Flæði. Erfiðar aðstæður verða einfaldari
Uppeldis- og menntastarf							
Bernskulæsi	Styðja frekar við deildir	Betra aðgengi að efnivið og fyrirlestrar	Sérkennslu stjóri verkefna stjóri	Haut	Vor	Úttekt á aðgengi og þátttaka.	Frekari skilningur og þátttaka starfsmanna
Hæfnisrammar	Markviss notkun	Samtal á starfsdögum og deildar fundum	Deildar stjórar	Haut	vor	Rýnt í notkun með samtölum.	Starfsfólk nýti sér fjölbreytt verkefni.
Mannauður/ Leikskóla-bragur							
Starfsmanna-handbók	Áfram haldandi vinna	Unnið reglulega að starfsmanna handbók, fastir dagar	Leikskóla Stjóri Aðstoðar leikskólust	Ágúst 2024	Maí 2025	Kaflar og efni tilkynnt á starfsdögum og á starfsmanna síðu	Handbók fullgerð
Námskrá leikskólans	Áfram haldandi vinna	Unnið reglulega að námskrá fastir dagar	Stjórategymi	Sumar 2024	Skil des. 2024	Kaflar og efni tilkynnt á starfsdögum og á starfsmanna síðu	Námskrá fullgerð
Samvinna milli deilda. Funaborg einn vinnustaður	Að allir hafi tilfinningu fyrir því að Funaborg er einn	Fundir milli deildastjóra, þar sem sameiginlegir fletir eru	Aðst. Stj. Leiksk.stj. Deildastj	Allt árið	Allt árið	Með spurningunni „hvernig finnst þér samvinna á milli deilda	Betri virkni í starfsmanna hóp. Betri skilningur

	vinnust. Áframhald af verkefninu jöfnun deilda frá 2023-2024	ræddir, s.s útivera, ferilmöppur, frágangur í húsi, þvottur. ofl				ganga?“ í snerpusamtölum Úrvinnslu og úrbætum	milli deilda og betra upplýsinga flæði
Innra mat							
Fastir fundir á mánudögum	Við munum á ný reyna að festa fundi í sessi	Sama plan og á síðasta skólaári. Allir fundir á mánudögum fyrir hádegi og ekkert annað planað á þeim degi	Stjórateymi Funaborg	Allt árið	Allt árið	Endurmat stjórateymis á mánudagfundi. Í des og í maí	Að fundir séu reglulegir þrátt fyrir stundum erfiðar aðstæður í leikskóla.
Snerpu samtöl	Spurningar tengdar samvinnu milli deilda ásamt hrósi og spjalli almennt	Deildastjórar fara með fyrirfram ákveðnar spurningar í samtölin til þess að festa snerpu samtöli í sessi.	Deildar stjórar	Október	Febrúar	Hefðbundin form samtals af innri vef SFS ásamt fyrirfram ákveðnum spurningum tengdum starfi í Funaborg	Starfsfólk ánægðarar Kemur skoðunum og hugmyndum á framfæri.
Ytra mat							
Foreldra könnun vegna foreldra fundar	Samvinnu með foreldrum um besta mögulega tíma og efni foreldra fundar	Í lok foreldra fundar að haust 2024 afhendum við foreldrum spurninga könnun varðandi skipulag og efni fundar	Aðstoðar Leikskóla stjóri	Október 2024	Október 2024	Niðurstöður verða nýttar til skipulagningar og efnisvals næsta foreldrafundar	Betri þátttaka foreldra og betri samvinna við foreldra
Starfsmanna könnun á vegum Gallup fyrir Reykjavíkurborg Stofnun ársins	Árleg könnun til að bæta starf leikskólans	Öllu starfsfólki gefinn tími og næði til að svara könnun	Allt starfsfólk. Stjórar sjá um að veita tíma			Niðurstöður verða nýttar til umbóta. Niðurstöður ræddar á starfsdegi	Betra leikskóla Starf, ánægðarar starfsfólk og betri líðan starfsmanna.

4 Innra mat

4.1 Innra mat Helgustekks

Tíminn líður svo hratt. Skólaárið 23/24 hefur verið spennandi og uppfyllt af upplifunum fyrir okkur á Helgustekk. Á Helgustekk voru 20 börn í þremur aldursbilum og skipt í tvo hópa eftir aldri. Eldri hópurinn sameinaðist eldri hóp Fögrubrekku í tilraunaverkefni leikskólans um að jafna aldursbil á þessum tveimur deildum. Verkefnið gekk rosalega vel.



Síðasta skólaár höfum við einbeitt okkur að þróunar verkefninu um þátttöku barna í starfi. Öll börn fá hlutverk reglulega eins og að vera umsjónarmaður fyrir og í matartíma. Börnin aðstoða við að leggja á borð og bjóða svo börnunum á sínu borði til matar. Börnin geta alltaf séð hver er umsjónarmaður því það er gert sýnilegt með mynd. Þetta finnst þeim mjög spennandi og þau hlakka alltaf svo til.



Samverustundir Helgustekks hafa tekið mið af þátttöku barna og mikilvægi þess að börnin viti hvað sé framundan í leikskólanum. Farið er yfir myndrænt dagskipulag deildarinnar. Rætt er um hvaða dagur er, hvað ætlum við að gera fyrir hádegi og eftir hádegi. Eitt barn á dag fær hlutverk veðurfræðings og athugar hvernig veður er úti og í hvaða útifötum þarf að vera í þann daginn. Þátttaka barna snýst einnig um að efla börnin til sjálfstæðis. Í búningklefanum kennum við börnunum að klæða sig sjálf eða biðja um aðstoð ef með þarf. Í búningklefanum hefur einnig verið myndrænt sett upp hvaða fatnaður hentar hverju sinni.



Á hverjum degi hefur verið söngstund þar sem börnin læra ný og ný lög. Lubbi finnur málbein hefur verið lifandi verkefni hjá okkur allt skólaárið. Við lærum ný málhljóð og vísur sem tengjast hljóðunum. Söngvar tengdir Lubba hafa börnunum fundist spennandi og áhugaverð nálgun.

Við hlökkum til komandi skólaárs.



4.1.1 Umbótaáætlun Helgustekks

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Þátttaka barna og sjálfstæði. Matartími	Að börnin taki eins mikinn þátt og hægt er í verkefnum dagsins. Sérstök áhersla á matartímann	Umsjónar-Menn leggja á borð, bjóða vinum til borðs. Öll börn skammta sér sjálf, hella í glös og borða sjálf.	Deildastjóri Starfsfólk	Allt árið	Allt árið	Deildafundir. Farið yfir hvernig gengur. Myndrænar skráningar	Að börnin öðlist sjálfstæði, kunni að skammta sér sjálf, hella og borða sjálf
Þátttaka barna og sjálfstæði. Fataklefi	Að börnin viti í hvaða fót á að fara og geti leitað í myndræn fyrirmæli og séð hvað á að fara í.	Að börnin hafi tíma til að klæða sig og fái aðstoð þegar þau biðja um. „prófaðu tvisvar og svo skal ég hjálpa þér“	Deildastjóri Starfsfólk	Allt árið	Allt árið	Deildafundir. Farið yfir hvernig gengur. Myndrænar skráningar	Að börnin öðlist sjálfstæði, geti klætt sig, prófi og biðji um aðstoð.
Bernskulæsi Lubbi finnur málbein	Að börnin læri málhljóð stafanna.	Eitt málhljóð á viku. Við lærum hljóðin með lögunum og mynd og staf sem fylgir hverju hljóði	Deildarstjóri Starfsfólk	Haut	Vor	Metið á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur	Að börnin kunni málhljóð stafa og læri að bera rétt fram. Málörvun og orðaforði barnanna eykst.

4.2 Innra mat Guddumói

Skólaárið 2023 – 2024 hefur gengið ágætlega hjá okkur í Guddumóa. Eftir áramót höfum við þurft að notast við faliðunarferli og því hafa mánudagar og þriðjudagar verið öðruvísi hjá okkur. Í Guddumóa hafa verið 22 börn fædd 2018 – 2019 þeim hefur verið skipt upp í þrjá hópa eftir aldri. Hóparnir rúlla á svæðum fyrir hádegi, eftir hádegi er meira flæði á deildinni þá blandast hóparnir.



Það hefur gengið mjög vel að blanda hópunum saman og starfsfólk hefur tekið eftir miklum breytingum á leik yngsta hópsins og séð hversu skapandi leikur þeirra er orðinn og hvernig þau læra af eldri börnunum. Starfsmannahópurinn hefur haldist ágætlega í Guddumóa.

Við höfum tekið þátt í verkefninu Bernskulæsi – Gríptu tækifærið sem sérkennslu og verkefnastjóri Funaborgar stýra. Allt starfsfólk og öll börn leikskólans taka þátt í verkefninu. Í verkefninu er starfsfólk hvatt til að nýta allar aðstæður sem tækifæri til náms. Eftir að verkefnið hófst má greina mikinn aukinn áhuga hjá börnunum í Guddumóa fyrir t.d. spilum, stafa og máhljóðsverkefnum og bókalestri. Sama má segja um áhuga og virkni starfsmanna í þessum þáttum. Funafloð er hluti verkefnisins sem er í umsjón sérkennslustjóra/verkefnastjóra og börnin mæta í einu sinni í viku. Þar leggja umsjónarmenn verkefnis inn kveikjur hjá börnunum og við höfum svo haldið áfram á deildinni með þau verkefni sem þær leggja inn.

Þetta verkefni hefur verið rauði þráðurinn hjá okkur bæði í frjálsum leik og stýrðum verkefnum.

Kennarar Funaborgar fóru í námsferð til Glasgow og fengu þaðan mikinn innblástur til þess að vinna með börnum í sögugerð og í útiverkefnum.



4.2.1 Umbótaáætlun Guddumóa

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málrækt	Að börnin læri um íslensku málhljóðin.	Lubbi finnur málbein Sögustundir Sögugerð Spil Loðtöflusögur	Deildarstjóri Deildarstarfsmenn	Haut 2024	Vor 2025	Tekin eru hljóm próf á elstu börnum leikskólans. Ræðum á deildarfundum og í stærra samhengi á starfsdögum.	Góð færni í íslensku.
Vinátta	Að börn læri um umburðarlyndi, virðingu umhyggju og hugrekki	Notast verður við Vináttaverk. Blær. Vinateikningar Vináttustundir í samverustundir, bækur og sögur um vináttu, Umræður um vináttu	Deildarstjóri Deildarstarfsmenn	Haut 2024	Vor 2025	Metið á deildarfundum Skráningar á vináttuverkum ígrundaðar og skráðar	Að börnin tileinki sér þessi grunnildi í samskiptum og séu félagslega sterk.
Útinám	Að útisvæði sé jafnvirði til náms og innisvæði	Fjölbreytt verkefni í útiveru, spennandi efniviður. Að sjá efniviðinn sem er til nú þegar úti. Minni hópar. Hugmyndir: smíða, tálga, klaka, mála snjó, brúðuleikhús	Deildarstjóri Deildarstarfsmenn	Haut 2024	Vor 2025	Á deildarfundum. Með myndrænni skráningu	Betri útinám. Útisvæði verður spennandi með nýjum tækifærum og hugmyndum

4.3 Innra mat Fögrubrekku

Skólaárið sem er að líða hefur verið krefjandi og fullt af flóknum verkefnum sem þurfti að leysa af með hag barnanna í forgangi. Flest verkefni voru tengd starfi deildarstjóra á deildinni þar sem þeir voru samtals þrjár síðastliðna níu mánuði.

Aðlögun á Fögrubrekku hófst í ágúst 2024 og gekk mjög vel. Síðasta barnið byrjaði í september og samtals voru 19 börn á deildinni. Formlega hófst starfið á deildinni í október með breytingum á námsumhverfi barnanna þar sem myndaðir voru þrjár aldurshópar.

Markmið fyrstu vikunnar var að koma dagskipulagi í gang með áherslu á frjálsan leik og sjálfstæði barnanna sem einnig var sett í umbótaáætlun fyrir skólaár 2023-2024.



Tilfinningar og jákvæð samskipti barnanna voru í hávegum höfð. Þegar börn byrja í leikskóla er oft mikið um stórar tilfinningar sem oft á tíðum er erfitt að stjórna. Þess var gætt að börnin hefðu rými til þess að tjá tilfinningar sínar og unnið var með þær.

Á vorönn 2024 hefur verið unnið mikið með sjálfstæði og sjálfshjálpi barna og leiðarljós leikskólans „Ef þú gerir eitthvað fyrir barn sem það hefði getað gert sjálf, heldur þú aftur af þroska þess“ í hávegum haft. Börnin hafa skammtað sér sjálf, prófað að smyrja, hella sjálf í glasið. Klæða sig sjálf og hengja upp fötin sín. Frábær önn og miklar framfarir.



4.3.1 Umbótaáætlun Fögrubrekku

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Að börnin læri máhljóð vikunnar	Það verður eitt máhljóð í hverri viku. Við lærum lögin og ræðum máhljóð vikunnar með Lubba okkur við hlið.	Deildastjóri og deildarstarfsmenn	Haust 2024	Vor 2025	Metið á deildarfundum þar sem farið er yfir hvað má gera betur og hvernig gengur	Að börnin kunni máhljóð stafa og læri að bera rétt fram. Styrkir málörvun og orðaforða barnanna.
Frjáls leikur	Að börnin læri að taka sjálfstæðar ákvarðanir sem styrkir sjálfmynd barnanna	Frjálsi leikurinn er alltaf inn í vikuplani og farið er í frjálsan leik á hverjum degi í litlum hópum	Deildastjóri og deildarstarfsmenn	Allt árið	Allt árið	Á deildarfundum er metið hvernig og hvað mætti gera betur og farið yfir hvernig gengur. Myndrænar skráningar	Að börnin læri að taka ákvarðanir og fái frjálsan aðgang að efnivið og leikföngum
Þátttaka barna í starfi	Að börnin taki eins mikinn þátt og hægt er í verkefnum dagsins. Lögð er áhersla á matartímann og stundir þar sem börnin klæða sig til útiveru	Kennarar gæta þess að aðstæður séu þægilegar og efniviður aðgengilegur fyrir börnin svo þau geti gert sem mest sjálf. Kenna t.d einfaldar aðferðir við klæðnað	Deildastjóri og deildarstarfsmenn	Haust 2024	Vor 2025	Metið á deildarfundum. Myndrænar skráningar	Að börnin hafi trú á sjálfu sér og geti gert hlutina sjálf að mestu. Kennarar eru leiðbeinendur og grípa inn í ef með þarf en börn efla sjálfstæði sitt með því að gera hlutina sjálf.

5 Innra mat sérkennslu

Árið 2021 voru samþykkt lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þar sem markmiðið er að bæta samþætta þjónustu við börn og fjölskyldu þess án hindrana. Í leikskólanum Funaborg er starfandi tengiliður leikskólans og er hlutverk tengiliðar að veita foreldrum barna í leikskólanum ráðgjöf um úrræði til þjónustu ef óskað er eftir slíku.

Með innleiðingu verkefnisins Betri borg fyrir börn (B.B.B) byrjun árs 2022 er áhersla lögð á að vinna með markvissum hætti að færa þjónustu barna í nærumhverfi þeirra með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Núna árið 2024 hefur verið unnið að því að innleiða lausnateymi í leikskólann, þar sem hlutverk þess er að nýta sérþekkingu innan leikskólans til þess að leita lausna við ákveðin málefni. Ef úrlausnir innan leikskólans eru fullreynd er hægt að óska eftir samráði við Austurmiðstöð um aðkomu sérfræðinga sem veita ráðgjöf um íhlutun eða frekari þjónustu fyrir barnið og/eða fjölskyldu þess.

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Börn sem hafa fengið úthlutaðan stuðning fá þjálfun við sitt hæfi. Teymið (foreldrar, greiningaraðilar, sérkennslustjóri, sérkennsluaðili og ráðgjafar) ákveða á teymisfundum hvers konar þjálfun skuli fara fram. Þjálfun fer fram á deild og í hóp ásamt einstaklingsþjálfun eftir því sem við á. Einstaklingsnámskrár nýttar fyrir börn í 1. Flokki. Lagt var upp með að nota Gefðu 10 á öllum deildum, sem og einstaklingslestur. Gekk það misvel. Vikulegar málörvunarstundir í litlum hópum fyrir öll börn leikskólans.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>AEPS, Skráningareyðublöð v/ atferlisþjálfunar og skipulagðrar kennslu, HLJÓM-2 fyrir elsta hópinn, EFI-2 fyrir öll börn á fjórða ári. Orðaskil og smábarnalistinn notað ef þörf þótti til.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Bækur, félagsfærnisögur, ýmis verkefni og námsefni, spil, Lubbi finnur málbein, Tákn með tali, WidgitOnline.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gríptu tækifærið Málörvunar stundir	Skipulagðar málörvunarstundir	Vera með skipulagðar stundir	Sérkennslustjóri og verkefnastjóri	Haut 2024	Vor 2025	Skráning á hópum og verkefnum	Börn þjálfist og læri að vera þátttakendur í verkefnum
Bóka/verkefnasafn	Auðvelda starfsfólki að hafa rólega bókastund og verkefnastund með lítilli fyrirhöfn	Útbúa bókakassa og verkefnakassa	Sérkennslustjóri og verkefnastjóri	Haut 2024	Vor 2025	Fylgst með hvort verið sé að nýta kassana	Virk notkun á deildum
Lausnateymi	Setja á reglubundna lausnateymisfundir	Setja fasta tíma fyrir skólaárið	Sérkennslustjóri og Leikskólustjóri	Haut 2024	Vor 2025	Halda utan um skráningu funda	Lausnateymi verði hluti af starfssemi leikskólans

Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Kaup á námsgögnum, spil og bækur
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Starfsfólk er meðvitað að setja orð á daglegar athafnir og nýta heppilegar stundir til þess eins og fataklefann, matartímann, handþvottatíma. Unnið hefur verið að deildum með verkfærið Gefðu 10. Öll börn fara vikulega í málörvunarhóp með sérkennslustjóra/verkefnastjóra og myndrænt skipulag er á öllum deildum
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Það er lesið, sungið og haldnir fundir á hverjum degi, þar sem farið er yfir daginn. Ísamverustundum og söngstundum eru orð sem börnin skilja ekki útskýrð fyrir þeim. Í öllum samskiptum við börnin eru sett orð á athafnir til þess að dýpka orðaforðann og lengja setningar.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Börn af erlendum uppruna sem eru með úthlutaðan stuðning fá einstaklingsnámskrá. Starfsfólk fékk kynningu á Hæfnisrömmu í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla og er á áætlun að vinna markvisst með þá.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málproska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Starfsfólk á deildum leggur sig fram við að vera meðvitað um að grípa hvert tækifæri til málörvunar og ver þátttakendur í leik barna. Málörvunartímar vinna með þætti hljóðkerfisvitundar.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla	Byrja markvissa vinnu með hæfniramma	Nota skráning- ingar-blöð	Deildar- stjórar	Haut 2024	Vor 2025	Skráningar- blað hæfni- rammar	Aukin hæfni barna með fjöltyngi. Einstaklings námskrár
Gefðu 10	Áframhaldandi notkun	Meiri eftirfylgni og markviss vinna	Deildar stjórar/ Sérk. stjóri	Haut 2024	Vor 2025	Með þar til gerðum skráningar blöðum	Aukin færni barna

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl

Fóru fram í apríl og maí starfsmaður og leikskólastjóri.

Fræðsla

Forystunám

Leikskólastjóri fór á fimm af átta forystunámskeiðum.

Bernskulæsi – Gríptu tækifærið

Verkefnastjórar þróunarverkefnis leikskólans voru með kynningu á verkefni og markmiðum þess á starfsdegi í september. Einnig var kynning fyrir foreldra á foreldrafundi í september.

Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn

Kynning frá SFS á starfsdegi í nóvember um málstefnu leikskóla og hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn og notkun þeirra í starfi.

Kvíði barna

Fyrirlestur frá Litlu kvíðamiðstöðinni um kvíða barna á leikskólaaldri.

Námskeið um ADHD

Tveir starfsmenn fóru á tveggja daga námskeið um ADHD þar sem farið var yfir helstu einkenni ADHD. Rætt var um mikilvægi greiningar og hvert skal leita til að greiningu.

Brú milli landa

Samskipti við foreldra fjöltyngdra barna. Kynning á starfi og þjónustu MML (miðja máls og læsis).

Farsældarlögin

Stjórnendur í Funaborg fóru á ýmsa fyrirlestra og námskeið í gegnum skólaárið

Íslenska 4

Einn starfsmaður fór á íslensku námskeið hjá Símenntun Mímis. Framhaldsnámskeið eftir námskeið þrjú. Fyrir þá sem hafa sterkan grunn í íslensku.

Menntastefnumót 2024

Haldið á starfsdegi í maí. Dagskrá í streymi frá Hörpu. Stafræn fræðsla að eigin vali. Starfsmenn sóttu fyrirlesturinn Nuture, Leikur, nám og gleði, Íslenska sem annað tungumál og Barnasáttmálinn í leikskóla. Eftir hádegi þennan dag voru kynningar í boði í Austurhverfi Reykjavíkur og starfsmenn fóru að kynnast Flæðibókum í Engjaborg, Náttúrulegri kennslu í Hulduheimum, ýmis konar starfsemi á Rauðhól og í skoðunarferð í Geislabaug.

Menntastefnumót 2024 – Kynning í Funaborg

Verkefnastjórar kynntu verkefnið Bernskulæsi með glærum og myndböndum fyrir gesti.

Námsferð til Glasgow

Starfsmenn sóttu tvö námskeið í apríl 2024, Storytelling og Floorbooking ásamt því að heimsækja útileikskóla í Crieff.

Grunnfræðsla um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni

Gagnvirkt netnámskeið frá Barna og fjölskyldustofu fyrir alla sem vinna með börnum og þurfa að þekkja til einkenna barna sem hafa orðið fyrir hvers kyns kynferðisofbeldi og kunna að bregðast við með réttum hætti. Allir starfsmenn Funaborgar hafa lokið þessu námskeiði.

Íslenska fyrir erlenda starfsmenn

Íslenska fyrir erlenda starfsmenn á vegum Reykjavíkurborgar. Tveir starfsmenn fara einu sinni í viku á íslenskunámskeið. Þar er tal og skrift æfð og íslenskar málfarsreglur.

PECS

Sérkennslustjórar sátu námskeið um myndrænt boðskiptakerfi. PECS er talin heppileg fyrir börn með einhverfurófsröskun á öllum aldri eða börnum með slaka boðskiptafærni og málproska

ABBLs-R

Sérkennslustjóri sat námskeið um matstæki til að nýta til gerðar einstaklingsáætlunar fyrir börn á aldrinum 3-9 ára. Ætlað fyrir börn sem fá heildstæða snemmtæka atferlisíhlutun vegna einhverfu eða annarra þrosafrávika. Er leiðarvísir fyrir innlögn á máli og annarri færni eins og leik, sjálfshjálp og hreyfifærni

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Hamraskóli og Foldaskóli hafa verið báðir samstarfsskólar Funaborgar og það hefur farið eftir nemendafjölda í hvorn skóla, hvort það er sem verður fyrir valinu. Foldaskóli verður samstarfs skólinn okkar næsta skólaár. Þá verður samtarf við frístundarhemilið Regnbogaland. Dagskráin er ekki tilbúin, kemur frá Foldaskóla haust 2024.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrafundur verður haldinn að kveldi í byrjun október í húsnæði leikskólans. Starf leikskólans er kynnt. Kynning á þróunarverkefni leikskólans um Bernskulæsi. Farið yfir helstu reglur og boðið upp á umræður. Kosið í stjórn foreldrafélagsins og foreldraráð.

Samtöl foreldra og deildastjóra eru tvisvar yfir skólaárið og foreldrar geta valið hvort hentar þeim betur samtali í húsi eða í síma. Hægt er að óska eftir því að sérkennslustjóri sé með í samtali ef þekk þykir þurfa.

Í desember bjóða börnin foreldrum sínum í smákökur og ristað brauð að morgni dags. Afar og ömmur eru velkomin til okkar í mars og þá bjóðum við upp á kleinur.

Í lok nóvember er piparkökumálun á vegum foreldrafélagsins. Það hefur gefist vel að hafa piparkökumálunina í lok á virkum degi, þar sem mæting er betri.

Foreldrafélagið hefur staðið að sveitaferð á laugardegi í maí foreldrar og börn sameinast á Hraðastöðum, skoða dýrin og grilla pylsur.

Elsti árgangur Funaborgar býður foreldrum sínum til útskriftarveislu í lok maí.

Leikskólinn og foreldrafélagið standa saman að sumarhátíð í júní. Stemmning er allan daginn og klukkan þrjú bætast foreldrar í gleðina og við klárum daginn saman.

Foreldraráð, leikskólastjóri og tengiliður starfsmann hittast nokkrum sinnum yfir skólaárið og ræða málin. Foreldraráð kemur að öllum stærri ákvörðunarmálum leikskólans og foreldraráð les yfir starfsáætlun og samþykkir áður en henni er skilað.

Foreldrafélagið ásamt aðstoðarleikskólastjóra hittist nokkrum sinnum yfir skólaárið og skipuleggur uppákomur í leikskólanum eða utan hans.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskólar Reykjavíkur eiga sex starfsdaga á ári, þrjú af þeim eru sameiginlegir með grunnskólum og dagsetningar hinna þriggja er ákvörðun stjórnunarteymis leikskólans.

Skipulagsdagar í Funaborg 2024-2025

26. ágúst, 27. september sameiginlegur með grunnskólum, 22. nóvember sameiginlegur með grunnskólum, 02. Janúar, 06. febrúar sameiginlegur með grunnskólum, 16. maí.


10 Fylgiskjöl


10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Dagatal leikskólans

10.3 Þróunarverkefni leikskólans - Bernskulæsi

F. h. leikskólans


Leikskólastjóri


Dagsetning

Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Leikskólinn Funaborg

Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun Leikskólans Funaborgar fyrir veturinn 2024 – 2025 og staðfestir að hún uppfyllir þau skilyrði sem SFS setur.

Í vetur kom upp sú staða að það vantaði starfsfólk í leikskólann. Vegna þessa þurfti að vinna eftir faliðunarferli frá janúar og fram í miðjan maí. Hvert barn leikskólans fór heim hálfan dag í viku. Þetta var vel skipulagt hjá starfsfólki Funaborgar. Almenn ánægja er meðal foreldra með að Funaborg nálgast vandann svona því á þennan hátt var hægt að halda í það góða faglega starf sem á sér stað í leikskólanum. Til dæmis var á þennan hátt mögulegt að halda verkefninu *Bernskulæsi – gríptu tækifærið* í gangi í allan þennan tíma.

Sérkennslu- og verkefnastjóri Funaborgar stýra *Bernskulæsi – gríptu tækifærið* en allt starfsfólk og öll börn leikskólans taka þátt í því. Verkefnið snýst um að allar aðstæður séu tækifæri til náms og málþroska barna. Funafloð er hluti verkefnisins sem er í umsjón sérkennslustjóra/verkefnastjóra og börnin mæta í einu sinni í viku. Þar leggja umsjónarmenn verkefnis inn kveikjur hjá börnunum og starfsfólk deildanna heldur svo áfram að vinna efnið með börnunum.

Á menntastefnumóti Skóla og frístundasviðs fékk Funaborg hvatningarverðlaun SFS fyrir þetta verkefni.

Í Funaborg er gert ráð fyrir að barnið sé hæfur einstaklingur sem getur, skilur, kann og vill. Í félagslegri tengingu við jafningja sína, kennara, foreldra, nærumhverfið sitt og stærra samfélagið verði barnið sterkara, hafi trú á eigin getu og öðlist kjark og þor til að leysa úr eigin vandamálum og flóknum samskiptarmynstrum. Þetta er gott



viðhorf til barna enda felur það í sér virðingu gagnvart börnum og þess hugarfars hjá starfsfólki að vera ávallt með það í huga að kenna börnum nýja færni þegar við á.

Við lestur á innra mati leikskólans er greinilegt að allir vinna saman að því markmiði að gera Funaborg að leikskóla þar sem börnin dafna vel í leik og starfi. Stefna og faglegt starf leikskólans er metnaðarfullt og einkennist af áhugasömum verkefnum sem hæfa aldri og þroska barnanna.

Það verður spennandi að fylgjast með þeirri þróun sem verður á starfsemi Funaborgar á komandi vetri í þessum glæsilega starfsmannahópi.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Bára Kolbrún Gylfadóttir

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bára Kolbrún Gylfadóttir

Sif Jónsdóttir

Una Rúnarsdóttir

Ólöf Eiríksdóttir

Helena Marta Stefánsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MÁI		JÚNÍ	
1 F		1 S		1 Þ	Foreldrafundur (kvöld)	1 F		1 S	Fullveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 L		1 L		1 Þ		1 F	Verkalyðsdagurinn	1 S	
2 F		2 M	Fundadagur	2 M	Fundadagur	2 L		2 M	Fundadagur	2 F	Starfsdagur Funaborg	2 S		2 S		2 M	Blár dagur einhverfu	2 F		2 M	Afmæli leikskólans
3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 Þ		3 F		3 M	Fundadagur	3 M	Boiludagur/Fundadagur	3 F		3 L		3 Þ	
4 S		4 M		4 F		4 M	Fundadagur	4 M		4 L		4 Þ		4 Þ	Sprengidagur	4 F		4 S		4 M	
5 M	Frídagur verslunarmanna	5 F		5 L		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 M	Oskudagur	5 L		5 M	Fundadagur	5 F	
6 Þ		6 F		6 S		6 M		6 F	Jólaþingur fyrir foreldra	6 M	Þrettándinn/Fundadagur	6 F	Dagur leikskólans samei starfsd grunn/leik	6 F		6 S		6 Þ		6 F	Skólaslit grunnskóla
7 M		7 L		7 M	Fundadagur	7 F		7 L		7 Þ		7 F		7 F		7 M	Fundadagur	7 M		7 L	
8 F	Opna eftir sumarleyfi	8 S	Dagur læsis	8 Þ		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 S		8 M		8 L		8 L		8 Þ		8 F		8 S	Hvítasunnudagur
9 F		9 M	Fundadagur	9 M		9 L		9 M	Fundadagur	9 F		9 S		9 S		9 M		9 F		9 M	Annar í hvítasunu
10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 Þ		10 F		10 M	Fundadagur	10 M	Fundadagur	10 F		10 L		10 Þ	
11 S		11 M		11 F		11 M	Fundadagur	11 M		11 L		11 Þ	Dagur íslenska táknmálsins	11 Þ		11 F	Gulur dagur	11 S		11 M	
12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 M		12 L		12 M	Fundadagur	12 F	
13 Þ	I aðlögun	13 F		13 S		13 M		13 F	Jólaball leikskólabarna	13 M	Fundadagur	13 F		13 F		13 S	Pálmasunnudagur	13 Þ		13 F	
14 M		14 L		14 M	Fundadagur	14 F		14 L		14 Þ		14 F	Svarturog hvítur dagur	14 F	Dagur stærðfræðinnar	14 M	Fundadagur	14 M		14 L	
15 F		15 S		15 Þ		15 F		15 S		15 M		15 L		15 L		15 Þ		15 F		15 S	
16 F		16 M	Fundadagur	16 M		16 L	Dagur íslenskrar tungu	16 M	Rauður dagur/Fundadagur	16 F		16 S		16 S		16 M		16 M	Starfsdagur Funaborg	16 M	
17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 Þ		17 F		17 M	Fundadagur	17 M	Fundadagur	17 F	Skírdagur	17 L		17 Þ	Lýðveldisdagurinn
18 S		18 M		18 F		18 M	Fundadagur	18 M		18 L		18 Þ		18 Þ		18 F	Föstudagurinn langi	18 S		18 M	
19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 M		19 L		19 M	Fundadagur	19 F	
20 Þ		20 F	Appelsínugulur dagur	20 S		20 M	Dagur mannréttinda barna	20 F	Náttfatadagur stysti dag árs	20 M	Fundadagur	20 F		20 F	Afa og ömmu kaffi	20 S	Páskadagur	20 Þ		20 F	
21 M		21 L		21 M	Fundadagur	21 F		21 L		21 Þ		21 F		21 F	Rokkum á sokkum downs d	21 M	Annar í Páskum	21 M		21 L	
22 F		22 S		22 Þ		22 F	Samei. Starfsd grunn/leik	22 S		22 M		22 L		22 L		22 Þ		22 F		22 S	
23 F		23 M	Fundadagur	23 M	Bléiki dagurinn	23 L		23 M	Þorlaxsmessa	23 F		23 S	Konudagur - upphaf Góu	23 S		23 M		23 F		23 M	
24 L		24 Þ		24 F	Vetrarfrí grunn og leik	24 S		24 Þ	Aðfangadagur jóla	24 F	Böndadagur - fyrsti dagur þorra	24 M	Vetrarfrí grunn og leik	24 M	Fundadagur	24 F	Sumardagurinn fyrsti	24 L		24 Þ	
25 S		25 M		25 F	Vetrarfrí grunn og leik	25 M	Fundadagur	25 M	Jóladagur	25 L		25 Þ	Vetrarfrí grunn og leik	25 Þ		25 F		25 S		25 M	
26 M	Starfsdagur Funaborg	26 F	Evrópski tungumáladagurinn	26 L	Fyrsti vetrardagur	26 Þ		26 F	Annar í jólum	26 S		26 M		26 M		26 L		26 M	Fundadagur	26 F	Fæðingardagur forseta Íslands (GThJ)
27 Þ	II Aðlögun	27 F	Samei. starfsd grunnleik	27 S		27 M		27 F		27 M	Fundadagur	27 F		27 F		27 S		27 Þ		27 F	
28 M		28 L		28 M	Vetrarfrí grunn og leik	28 F	Piparköku máltun for. Fél	28 L		28 Þ		28 F		28 F		28 M	Fundadagur	28 M		28 L	
29 F		29 S		29 Þ	Alþjóðlegur bangsad. 27okt	29 F		29 S		29 M				29 L		29 Þ		29 F	Uppstigningardagur	29 S	
30 F		30 M	Fundadagur	30 M		30 L		30 M		30 F				30 S		30 M		30 F		30 M	
31 L				31 F				31 Þ	Gamlársdagur	31 F				31 M	Fundadagur			31 L			

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnsamræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.